

Nr. 076 / 13 Gyða Jónsdóttir EA 20**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2645
Smíðaður: Hafnarfjörður 2005, plast
Stærð: 11,29 brl. 14,70 bt.
Mesta lengd: 12,31 m Skráð lengd: 11,29 m
Breidd: 3,72 m Dýpt: 1,46 m
Vél: Caterpillar 254 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 2



Gyða Jónsdóttir©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júní 2013 var Gyða Jónsdóttir EA 20 á veiðum á NA miðum. Veður: Logn

Á veiðunum féll smurþrýstingurinn á aðalvél og óskað var eftir aðstoð. Það var Stormur EA 48 sem dró Gyðu til hafnar í Grímsey.

Við rannsókn kom fram:

- að smuröndunarsía á sveifarhúsi var stífluð, yfirþrýstingur hafði myndast í húsinu og smurolía lak upp með olúkvarðanum;
- að ekki var ljóst hvenær skipt hafði verið um þessa síu. Rauður hnappur á henni á að koma upp þegar þörf er á skiptum en þessu hafði ekki verið gefinn gaumur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.